

13. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins fimmtudaginn 31. mars 2011 og hófst kl. 17.00

Mætt voru: Sigurjón, Guðjón, Birgir og Gry. Kári boðaði forföll.

Gestur á fundinum var Thelma Ólafsdóttir.

Sigurjón setti fundinn og bauð Thelmu velkomna en hún hafði óskað eftir fundi með stjórn Kraft í tengslum við BS ritgerð sem er lokaverkefni hennar í íþróttافرæðum frá HR. Verkefnið fjallar um kraftlyftingar og óskaði Thelma eftir stuðning og aðstoð Kraft með það fyrir augum að ritgerðin eða hluti úr henni geti framvegis nýst sem handbók sambandsins. Til að verkefnið geti hlotið viðurkenningu sem opinber handbók þarf það að fá samþykki stjórnar.

Stjórnin fagnar allri faglegri umfjöllun um kraftlyftingaiþróttina og óskaði Thelmu góðs gengis.

Ákveðið var að nota Dropbox sem samvinnutæki þar sem stjórnarmenn geti komið athugasemdum á framfæri og átt umræður við Thelmu um efnið.

Aðgerð: Sigurjón leggur fram afnot af sínu Dropbox.

Thelma þakkaði fyrir góðar undirtektir og yfirgaf fundinn.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt

2. **Dómarapróf.**

Ákveðið var að færa dómaraprófið aftur til laugardagsins 4. júní. Beðið er eftir svari frá Kraftlyftingadeild Breiðabliks um hvort þeir haldi byrjendamót í tengslum við verklega þátt prófsins.

Aðgerð: Gry auglýsir breytta dagsetningu og gengur frá málum við prófdómara og mótshaldara.

3. **Formannafundur**

Ákveðið var að fresta fundi með formönnum fram á haust og halda hann í lok ágúst. Verður fundurinn m.a. nýttur í umræðu um mótaskrá fyrir árið 2012, skipan í landslið 2012 ofl.

4. **Aukaaðild Íþróttabandalags fatlaðra að KRAFT.**

Stjórnin fagnaði áhuga Íþróttabandalags fatlaðra á aukaaðild að sambandinu, en beiðnin var lögð fyrir á síðasta stjórnarfundinum en afgreiðslu frestað. Nú var beiðnin samþykkt með þeim fyrirvara að íþróttafélög fatlaðra fara í öllu eftir reglum KRAFT, m.a. varðandi skráningu keppenda á mót.

Aðgerð: Sigurjón sendir svarbréf til Íþróttabandalags fatlaðra.

5. **Fjármál**

Stjórnin telur æskilegt að ársfjórðungsleg uppgjör verði lögð fram eigi síðar en mánuði eftir lok hvers ársfjórðungs.

Aðgerð: Sigurjón ræðir við Kára um hvernig er best að koma því í framkvæmd.

6. **Íslandsmeistaramótið 2011**

Stjórnin lýsti ánægju sinni með framkvæmd Íslandsmeistaramótsins í Njarðvíkum 12. mars. Bókaðar voru þakkir til Kraftlyftingadeildar Massa. Stjórnin ítrekar það markmið sitt að öll félög þjálfari starfsmenn sem geti unnið á Goodlift skráningarkerfið.

Aðgerð: Gry kemur þökkum stjórnar formlega á framfæri.

7. Fastanefndir

Vinnan heldur áfram með að skipa og skipuleggja nefndir KRAFT.

Í **landslíðsnefnd** hefur Guðjón fengið Birgi, Auðunn og Maríu til ráðgjafar.

Í **mótanefnd** hefur Stefán Sturla Svavarsson gefið kost á sér.

Í **fræðslunefnd** hefur Bryndís Ólafsdóttir gefið kost á sér og beðið er eftir svari frá fulltrúa frá Ármanni.

Zetorar hafa gefið kost á mann í **fjölmíðlanefnd**.

Aðgerð: haldið verður áfram að vinna í málum nefndanna. **Sigurjón** kemur Hjalta í samband við fulltrúa Zetora svo fjölmíðlanefndin geti tekið til starfa.

8. Styrktaraðilar

Mörg fyrirtæki og stofnanir vilja tengja nöfn sín við íþróttir og holla lífshætti og styrkja um leið íþróttahreyfinguna með fjárframlögum. Að gefnu tilefni telur stjórn KRAFT æskilegt að upplýsa slík fyrirtæki um að löglegar kraftlyftingar eru eingöngu stundaðar innan Kraftlyftingasambands Íslands og ÍSÍ.

Aðgerð: **Sigurjón** skrifar bréf sem verður notað til að koma þessum upplýsingum á framfæri.

9. Landsliðsmál

Guðjón Hafliðason hefur unnið nákvæma áætlun um þátttöku Íslands á alþjóðavetvangi 2011. Áætlunin nær til keppenda, aðstoðarmanna, dómara og fulltrúa á þingum. Verið er að leggja lokahönd á fjárhagsáætlun landsliðsins – en í henni er gert ráð fyrir að keppnisgjald og doping fee verði greitt fyrir alla keppendur, að aðstoðarmenn og dómara sem fara út á vegum sambandsins þurfi ekki að borga með sér, að lögð verði sem mest áhersla á að senda keppendur á mót í opnum flokkum, síðan í flokki unglunga og svo á öldungamót. Stjórnin þakkar Guðjóni fyrir gott starf.

Samþykkt var að útvega keppnisgalla fyrir landsliðið. Samþykkt var að gera formlegan samning við þá sem fara út á vegum KRAFT framvegis.

Aðgerð: **Guðjón** gengur frá áætlunina um landsliðið og sendir til stjórnarmanna. **Guðjón** hefur samband við Halldór Eypórsson varðandi keppnisbúninga. **Gry** gerir drög að samningi vegna þátttöku erlendis.

10. Keppnisgræjur.

Stjórnin endurskoðaði ákvörðun sína um sölu á keppnisgræjum sambandsins í ljósi þess að sum félög gætu þurft að fá þau lánuð til að geta haldið mót. Á meðan þannig er ástatt telur stjórnin rétt að sambandið eigi græjurnar. Sambandið hefur fengið að hafa græjurnar í æfingarstöð Breiðabliks. Ákveðið var að halda því áfram og færa líka þangað ólympískt lyftingarsett sem hefur verið í vörslu Kraftlyftingafélags Mosfellsbæjar.

Aðgerð: **Sigurjón** hefur samband við félagið í Mosfellsbæ um þessa ákvörðun.

11. Málþing ÍSÍ um stefnu í afreksíþróttum

Guðjón Hafliðason og Hjalti Árnason sóttu þingið f.h. Kraft.

12. Íþróttaping ÍSÍ 8.og 9.apríl nk

Sigurjón Pétursson og Guðjón Hafliðason verða fulltrúar Kraft á þinginu

13. Samstarf um unglिंगastarf

KRAFT er að hefja samstarf við Kraftlyftingasamband Noregs og kraflyftingafélag í Sheffield á Englandi um unglिंगastarf. Í sumar verða 5 drengjum frá Massa boðið þátttaka á mót í Noregi. Ef vel tekst til getur þetta orðið upphafi að árlegu mót fyrir keppendur í þessum aldursflokki.

Aðgerð: **Gry** heldur áfram með málið

14. **Agamál**

Athygli stjórnar hefur verið vakin á að félagsmaður í Ármanni er skráður í keppni utan sambandsins, en það er brot á reglum KRAFT. Stjórnin telur einsýnt að íþróttamenn fari eftir reglum sinna félaga eða segi sig að öðrum kosti úr þeim.

Aðgerð: **Sigurjón** hefur samband við stjórn Kraftlyftingadeildar Ármanns um félagsaðild viðkomanda.

15. **Ársskýrslur**

Gry upplýsti að ársskýrslur hafa borist frá flestum félögum, en sambandið þarf að skila sinni skýrslu fyrir 15.apríl.

Aðgerð: **Gry** skilar skýrslu KRAFT og sendir áminningu til þess félags sem á eftir að senda inn sína skýrslu.

16. **Önnur mál**

- dómaranefndin hefur úrskurðað í máli sem varðaði lögmæti keppnislóða KFA. Lóðin uppfylla gildandi kröfur og eru lögleg í keppni.

- kraftlyftingadeild Breiðabliks ætlar að boða til fræðslufundar um lyfjamál í samvinnu við Lyfjaeftirlit ÍSÍ. Fundurinn verður opinn öllum. Stjórnin fagnar þessu framtaki Breiðabliks.

- upplýst var að Kraftlyftingafélag Seltjarnarness – Zetorar hafa nú fengið skráningu í Felix (þar sem þeir eru skráðir undir sérstökum keppnisnöfnum).

- upplýst var að ekki verði af stjórnarfundum NPF í tengslum við Norðurlandamót unglunga í apríl.

17. Næsti fundur verður að tveimur vikum liðnum

Fundi slitið kl. 19.00

Gry Ek Gunnarsson fundarritari